

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 12.06.2015

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 12.06.2015

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Dagskrá er eftirfarandi

1. Málefni Róta
2. Skilti
3. Aðalskipulag-breytingar
4. Önnur mál

1. Málefni Róta

Borist hefur tölvubréf frá formanni Róta bs.dags. 4.júní 2015 þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórna áður en stjórn Róta veitir sína umsögn um erindi Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar um úrsögn þessara sveitarfélaga úr Rótum bs. sbr.bréf Velferðarráðuneytisins dags. 1.júní 2015. Sveitarstjórn Skagabyggðar veitir eftirfarandi umsögn:

Sveitarstjórn Skagabyggðar gerir ekki athugasemdir við að stjórn Róta bs. veiti jákvæða umsögn um að Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð hverfi út úr samstarfi á vettvangi Róta bs um málefni fatlaðs fólks enda verði jafnframt tryggt að sveitarfélög á Norðurlandi vestra fái undanþágu frá lágmarksíbúafjölda þjónustusvæða skv. 4.gr. laga nr.59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

2. Skilti

Vigni hafa borist tilboð og tillögur að skiltum. Ákveðið var að gefa Höskuldsstaðakirkju og Hofskirkju skilti.

3. Aðalskipulag – breytingar

Kynnt var óveruleg breyting á Aðalskipulagi Skagabyggðar vegna Tjarnarnámu tvö

4. Önnur mál

Rædd voru fjallskilamál.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.